

Fundur í stjórn Brunavarna A-Hún fimmtudaginn 1. nóvember kl. 15.00 í slökkvistöðinni á Blönduósi.

Fundinn sátu: Ágúst Þór Bragason, Gróa Lárusdóttir, Andrés Leifsson, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson og Jens P Jensen, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2006.

Ágúst lagði fram ársreikning Brunavarna A-Hún vegna ársins 2006. Reksturinn var í jafnvægi miðað við þá fjármuni sem úr er að spila og nokkuð í samræmi við áætlun ársins. Rekstrarafgangur var um 2,7 milljónir króna. Laun og launatengd gjöld á árinu voru um 11,2 milljónir króna. Eigið fé félagsins í árslok nam um 3 milljónum króna.

Stjórnin staðfestir ársreikninginn fyrir sitt leyti og vísar honum til afgreiðslu aðalfundar.

2. Fjárhagsáætlun 2008.

Samkvæmt fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að heildartekjur verði um 17,2 milljónir króna. Þar af eru um 16 milljónir króna framlag frá sveitarfélögum og hækkar það um 4% frá árinu 2007. Ekki er gert ráð fyrir tekjuafgangi á árinu 2008. Með rekstraráætlun fylgir listi yfir áætluð tækjakaup, að upphæð 1,7 milljón krónur. Þar munar mest um kaup á loftþjöppu fyrir reykköfunarkúta, sem áætlað er að kosti um 950 þúsund krónur og þrjú galla sett sem kosta um 290 þúsund krónur.

Stjórnin staðfestir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun ársins 2008 og leggur hana fram til afgreiðslu á aðalfundi.

3. Innsend erindi.

a) Bréf vegna slyss í Langadal.

Farið var yfir atvik er upp kom við björgunarstörf í Langadal.

Slökkviliðsstjóra og bæjarstjóra Blönduóss var falið að skoða málið nánar.

b) Framtíð gamla slökkvibílsins.

Fyrir liggur erindi frá Samgönguminjasafni Skagafjarðar í Stóragerði, þess efnis að taka gömlu slökkvibílfreiðina til varðveislu.

4. Ákvörðun um aðalfund.

Samþykkt var að boða til aðalfundar Brunavarna A-Hún fimmtudaginn 22. nóvember kl. 14.00 að Húnavöllum.

5. Önnur mál.

Slökkviliðsstjóri lagði fram eftirfarandi bókun:

Slökkviliðsstjóri sendi sveitarstjóra Húnavatnshrepps fyrirspurn í maí 2007 um fundarboðun slökkviliðsstjóra á fundi byggingarnefndar Húnavatnshrepps.

Slökkviliðsstjóra hefur ekki borist svar við bréfinu né verið boðaður á

byggingarnefndarfundi. Það er skýrt samkvæmt byggingarreglugerð 441/1998, grein 8.4 að við afgreiðslu mála og þegar þau eru til umfjöllunar í byggingarnefnd beri að boða og senda þeim fagaðilum sem um framangreind mál fjalla fundarboð og eiga þeir fulltrúar rétt til setu á viðkomandi fundi.

Í samræmi við ofangreint vill slökkviliðsstjóri upplýsa stjórn um áhyggjur sínar af málsmeðferð mála í Húnavatnshreppi og óskar liðsinnis stjórnar við að ná fram úrbótum.

Stjórn Brunavarna A-Hún beinir tilmælum til hreppsnefndr Húnavatnshrepps um úrbætur.

Fleira ekki rætt, fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 16.30

Ágúst Þór Bragason (sign)

Gróa Lárusdóttir (sign)

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign)

Andrés Leifsson (sign)

Jens P Jensen (sign)